

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
<b>2012/EES/21/01</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6518 – ESB NM/BPAEL/Heliex Power Limited) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>1</b>
<b>2012/EES/21/02</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6522 – Groupe Lactalis/Skånemejerier).	<b>2</b>
<b>2012/EES/21/03</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6524 – Sberbank of Russia/BNP Paribas Personal Finance/BNP Paribas Vostok) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>3</b>
<b>2012/EES/21/04</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6527 – Rio Tinto/Richards Bay Minerals) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>4</b>
<b>2012/EES/21/05</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6529 – ABB/Thomas & Betts).	<b>5</b>
<b>2012/EES/21/06</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6530 – EDF/Edison) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>6</b>
<b>2012/EES/21/07</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6540 – DONG Energy Borkum Riffgrund I HoldCo/Boston Holding/Borkum Riffgrund I Offshore Windpark)	<b>7</b>
<b>2012/EES/21/08</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6543 – Wienerberger/Pipelife International) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>8</b>

<b>2012/EES/21/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6551 – Kellogg Company/Pringles Snack Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>9</b>
<b>2012/EES/21/10</b>	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer SA.22614 (C 53/07) – Pau-Pyrénées-flugvöllur – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. . . . .	<b>10</b>

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2012/EES/21/01

(mál COMP/M.6518 – ESB NM/BPAEL/Heliex Power Limited)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. apríl 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írski fyrirtækið ESB Novusmodus LP („ESB NM“), sem tilheyrir ESB-samsteypunni, og breska fyrirtækið BP Alternative Energy International Limited („BPAEL“), sem tilheyrir BP-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í breska fyrirtækinu Heliex Power Limited („HPL“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - ESB NM: fjárfestingarsjóður með áherslu á hreina tækni og endurnýjanlega orkugjafa
  - BPAEL: þróun, framleiðsla og markaðssetning lífoldsneytis, vind- og sólarorku
  - HPL: framleiðsla og þróun á þanskrúfum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 106, 12. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6518 – ESB NM/BPAEL/Heliex Power Limited, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2012/EES/21/02****(mál COMP/M.6522 – Groupe Lactalis/Skånemejerier)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið B.S.A. International, sem lýtur yfirráðum frönsku Lactalis-samsteypunnar („Lactalis“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu Skånemejerier AB („Skånemejerier“), dótturfélagi sænska samvinnufélagsins Skånemejerier ek. för.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Lactalis: framleiðsla og markaðsfærsla á drykkjarmjólk, smjöri, ostum, ferskum afurðum, rjóma og mjólkurvörum til iðnaðarnota (mjólkurdufti, mysu, o.s.frv.)
  - Skånemejerier: framleiðsla og markaðsfærsla á drykkjarmjólk, ferskum mjólkurvörum, osti, rjóma, smjöri og ávaxtasöfum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 106. 12. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6522 – Groupe Lactalis/Skånemejerier, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

## Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2012/EES/21/03

## (mál COMP/M.6524 – Sberbank of Russia/BNP Paribas Personal Finance/BNP Paribas Vostok)

## Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem rússneska fyrirtækið Sberbank of Russia OAO („Sberbank“) öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, ásamt BNP Paribas S.A, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu BNP Paribas Vostok.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Sberbank: bankastarfsemi
  - BNP Paribas Group: bankastarfsemi og fjárfestingalausnir
  - BNPP Vostok: innlánastarfsemi, lán til einstaklinga og heilðsölufjármögnun
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 107, 13. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6524 – Sberbank of Russia/BNP Paribas Personal Finance/BNP Paribas Vostok, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2012/EES/21/04****(mál COMP/M.6527 – Rio Tinto/Richards Bay Minerals)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. apríl 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Rio Tinto plc („Rio Tinto“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í suður-afrísku fyrirtækjunum Richards Bay Mining (Proprietary) Limited og Richards Bay Titanium (Proprietary) Limited (einu nafni „Richards Bay Minerals“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Rio Tinto: alþjóðleg samsteypa á sviði námugraftar, með starfsemi sem lýtur að áli, kopar, demöntum og málmum, járngrýti, orku og aðgreiningu, vinnslu og bræðslu á ilmeníti og málmsandi
  - Richards Bay Minerals: námugróftur, aðskilnaður, vinnsla og bræðsla á málmsandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 107, 13. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6527 – Rio Tinto/Richards Bay Minerals, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2012/EES/21/05****(mál COMP/M.6529 – ABB/Thomas & Betts)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið ABB Ltd („ABB“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Thomas & Betts Corporation („T&B“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - ABB: framleiðsla og markaðssetning á vörum fyrir afl- og sjálfvirkniíðnað, þ.m.t. aflsvörur, aflskerfi, afmörkuð sjálfvirkni og hreyfivörur, vörur fyrir sjálfvirkni ferla og lágspennuvörur
  - T&B: hönnun, framleiðsla og markaðssetning á rafhlutum og -kerfum fyrir íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, stofnanir og íðnað, vörum fyrir kyndikerfi, loftræsti- og loftskiptakerfi og stálstoðum fyrir flutningsnet
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 106, 12. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6529 – ABB/Thomas & Betts, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2012/EES/21/06****(mál COMP/M.6530 – EDF/Edison)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Electricité de France S.A. („EDF“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ítalska fyrirtækinu Edison S.p.A. („Edison“). Edison lýtur nú sameiginlegum yfirráðum EDF og ítalska fyrirtækisins A2A S.p.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - EDF: framleiðsla og heildsala á raforku, flutningur, dreifing, smásala og önnur þjónusta tengd raforku í Frakklandi og öðrum löndum, m.a. Ítalíu, svo og heildsala og smásala á jarðgasi
  - Edison: framleiðsla, viðskipti, heildala og smásala á raforku, ásamt leit, framleiðslu, flutningi, geymslu, dreifingu, heildsölu og smásölu á jarðgasi á Ítalíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 106, 12. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6530 – EDF/Edison, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2012/EES/21/07****(mál COMP/M.6540 – DONG Energy Borkum Riffgrund I HoldCo/Boston Holding/Borkum Riffgrund I Offshore Windpark)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið DONG Energy Borkum Riffgrund I HoldCo GmbH, sem lýtur yfirráðum danska fyrirtækisins DONG Energy A/S („DONG Energy“), og hið danska Boston Holding A/S, sem lýtur yfirráðum danska fyrirtækisins Kirkbi Invest A/S, sem lýtur endanlegum yfirráðum fjölskyldu Kirks Kristiansens, og danska fyrirtækið William Demant Invest A/S, sem lýtur yfirráðum Oticon-stofnunarinnar, öðlast með framlagningu lausafjár og eignayfirtöku í sameiningu yfirráð, í skilningi 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Borkum Riffgrund I Offshore Windpark A/S GmbH & Co. oHG („Borkum Riffgrund I“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - DONG Energy: starfar einkum í Norður-Evrópu við leit að og framleiðslu á jarðgasi og olíu, raforkuframleiðslu og orkusölu
  - Kirkbi Invest A/S: leikföng, upplifun og kennsluefni fyrir börn og rekstur lystigarða
  - William Demant Invest: vörur og tækjabúnaður sem gerir einstaklingum kleift að heyra og eiga samskipti sín í milli, stuðningsvörur fyrir fætur, þróun á tækni til tæknifjúlgunar og fjárfestingar í atvinnuhúsnæði
  - Borkum Riffgrund I: mun eiga, reka og viðhalda vindorkuver í Norðursjónum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 107, 13. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6540 – DONG Energy Borkum Riffgrund I HoldCo/Boston Holding/Borkum Riffgrund I Offshore Windpark, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2012/EES/21/08****(mál COMP/M.6543 – Wienerberger/Pipelife International)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Wienerberger AG öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í austurríska fyrirtækinu Pipelife International GmbH, sem var áður í sameiginlegri eigu Wienerberger AG og belgísku samsteypunnar Solvay Group.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Wienerberger: framleiðir byggingarefni, einkum leirskífur sem notaðar við gerð húspaka og veggja á alþjóðlegum markaði. Fyrirtækið framleiðir einnig skólpleiðslur úr steinsteypu
  - Pipelife: framleiðir og selur leiðsluferfi úr plasti, einnig á alþjóðamarkaði. Pipelife framleiðslur einkum skólpleiðslur
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 106, 12. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6543 – Wienerberger/Pipelife International, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2012/EES/21/09****(mál COMP/M.6551 – Kellogg Company/Pringles Snack Business)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Kellogg Company („Kellogg“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í Pringles-snarlframleiðslueiningu bandaríska fyrirtækisins Procter & Gamble Company („P&G“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Kellogg: framleiðir tilbúnar kornvörur og tilbúin matvæli, s.s. smákökur, kex, sætabrauð til að setja í brauðrist, kornstangir, snarl með ávaxtabragði, frosnar vöflur og grænmetisfæði. Á Evrópska efnahagssvæðinu selur fyrirtækið tilbúnar kornvörur, kornstangir, sætabrauð til að setja í brauðrist og snarl með ávaxtabragði
  - Pringles Snack Business: framleiðir „Pringles“ kartöfluflogur á Evrópska efnahagssvæðinu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 106, 12. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6551 – Kellogg Company/Pringles Snack Business, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Ríkisaðstoð – Frakkland****2011/EES/21/10****Málsnúmer SA.22614 (C 53/07) – Pau-Pyrénées-flugvöllur****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Frakklandi, með bréfi dagsettu 25. janúar 2012, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 96, 31.3.2012, bls. 22). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State aid Registry  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË  
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.